

**Fjallskilareglugjörð**

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

80

**Amtsráðið í Suðuramtinu**

**Gjörir kunnugt:** Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

**Reglugjörð**

fyrir Borgarfjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir, fjárrekstra o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1896.

## I. Stjórn.

## 1. gr.

Málefni þau, er þessi reglugjörð á við, standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Borgarfjarðarsýslu, hverrar í sinum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt og að þeir, sem brjóta á móti henni, verði kærðir, svo að þeir fái maklega hegning. Þar sem svo er háttað, að tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn afrjett, hafa hreppsnefndir þeirra hreppa stjórn fjelagsmála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rjett sú liggur í, er afrjetturinn á að leitast til, skal kveðja hreppsnefndirnar til funda, þá er þörf gjörist, til að ræða um sameiginleg mál. Heimilt er þó einnig oddvitum hinna hreppsnefndanna að kveðja til slíkra funda. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. — Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum og ráðstöfunum hreppsnefndanna. Skjóta má og úrskurðum sýslunefndarinnar til amtsráðs suðuramtsins.

## 2. gr.

Margar eru fyrirskipanir hreppsnefnda, sem eigi má fresta að framkvæma svo langan tíma, sem þarf til þess að fá um það æðri úrskurð. Þannig er t. d. um niðurjöfnun fjallskila, fyrirskipanir um fjárleitir á heimalöndum og í afrjetti o. fl. Öllum slíkum fyrirskipunum og niðurjöfnunum hreppsnefnda er þeim, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða tafarlaust, hvort sem þeir skjóta þeim undir æðri úrskurð eða eigi (34. gr.). En falli seinna æðri úrskurður svo, að hreppsnefnd hafi gjört einhverjum manni aunað eða meira tillag en rjett var, og sá maður eigi að fá endurgjald eða skadabætur fyrir það, þá skal endurgjalda honum þannig, að fullt tillit sje haft til þess við næstu niðurjöfnun fjallskila. Komi það fyrir, að hreppsnefnd beiti við mann ranglæti eða ólögum, getur hann kært þá hreppsnefndarmenn, er slíkt hafa gjört eða samþykkt, til skadabóta að lögum.

## II. Greining lands og notkun.

## 3. gr.

*Heimalönd* nefnast hjer lönd þau, er í byggð liggja, engjar og beitolönd þau, er búpeningur (ær, kýr og brúkunarhross) gengur jafnadarlega í á sumrum eða vetrum.

*Fjalllönd* eða *afrjettir* kallast þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga og vegna fjarlægðar eða afstöðu eru eigi varðir annara fjenadi. Hjer til heýra fjalllönd einstakra manna, kirkna og hreppa.

10. dag júlímán. 1896.

## 4. gr.

Nú verður vafi eða ágreiningur um, hvort eitthvert svæði sje heimaland eða fjallland; útnefnir þá hreppsnefnd þess hrepps, sem landið liggur í, 3 kunnuga og óvilhalla menn til að skera úr þeim ágreiningi. Borgun, ef nokkur verður, greiðir sá málspartur, er úrskurður gengur á móti. Úrskurðinum má skjóta til sýslunefndar.

## 5. gr.

Um þann tíma sumars, sem fje er vant að vera á afrjettum, á geldfjenadur, þar með talin tryppi og stóðhross, ekki að ganga í búfjárhögum, ef annars er kostur. Þó geta yfirvöld gjört undantekning frá þessari reglu, ef fjársýki vofir yfir eða almenningsheill krefur. Sömuleiðis getur komið fyrir, að meira eða minna af geldfjenaði verði að ganga í búfjárhögum af því, að afrjett vantar eða afrjettur við ítölu reynist ónógur. Í slíkum atvikum fer um skyldu manna til að reka geldfjenað úr búfjárhögum eptir ráðstöfun hlutadeigandi hreppsnefndar.

## 6. gr.

Með takmörkunum þeim, er leiða af 5. gr., er sjerhver búandi, sem á tryppi, stóðhross eða geldar sauðkindur, þar með talin fráferulömb, skyldur til að reka fjenað þann allan á afrjett. Fjenaður hjúa, húsmanna og lausamanna á vegum búanda telst með hans eigin fjenaði.

## 7. gr.

Nú hefur maður heimaland meira en fyrir búpening, þá er honum heimilt að nota það fyrir geldfjenað sinn í stað afrjettar, einkum ef hann á ekki eða hefur ekki tilkall til afrjettar annarsstaðar. Upprekstur má hann taka í heimaland og einnig hesta til hagagöngu á vetrum, en þó með þeim takmörkunum, er segir í 11. gr. Heimilt er hverjum þeim, er á fjallland eða hefur það til umráða, að taka upprekstur í það, en gæta verður hann þess, að ofsetja eigi í landið.

## 8. gr.

Sjerhverjum búanda er skylt að tilkynna hreppsnefndinni í hreppi sínum fyrir 1. ágúst ár hvert, hvert hann rak geldfjenað sinn og hve margt fjár og hrossa það var, er hann rak. Sömuleiðis er hver sá, er leigir öðrum land til uppreksturs, skyldur að tilkynna það fyrir sama dag hreppsnefnd þeirri, er á að sjá um fjallskil á leigulandinu, og skal hann jafnframt skýra frá, hversu margt fjár og hrossa hann hefur leyft að reka á það.

## 9. gr.

Þegar fjallland, sem er eign hrepps eða hreppa, reynist við ítölu of þröngt fyrir fjenað hreppsþúa, skal svo álíta, sem hver hreppsþúi hafi tilkall til afrjettarins að rjettri tiltölu við fjenaðarfjölda sinn, þann er skylt er að reka á afrjett.

Ef afrjettur við ítölu reynist óþarflega stór fyrir afrjettarfelag hans, má hlutadeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndir fylla ítölu í hann af annara fje. Þó verða þær áður að hafa kvatt alla, er hlut eiga í afrjettinum, á fund, til að

ræða um það mál, og meiri hluti af þeim, er á þann fund koma, að hafa greitt atkvæði með því. Borgun fyrir fjenað, er þannig er í afrjett tekinn, fellur í sveitar-sjóð eða sveitarsjóði og skiptist millum þeirra, ef um fleiri en einn hrepp er að ræða, eptir rjettu hlutfalli jarðarhundraða þeirra, er í afrjettarfjelaginu eru.

Svo lengi sem ítala er eigi gjör, má engan fjenað í afrjett taka.

#### 10. gr.

Nú þykir nágrönnum fjallland ofbeitt, og geta þeir þá krafzt ítölu í það. Einnig getur hreppsnefnd krafzt ítölu vegna hrepps síns eða afrjettar. Sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu skal dómnefna menn til að gjöra ítölu, 3 eða 5 eptir atvikum, og skal hafa það tvennt fyrir augum, að ítalan verði gjör með greind og samvizekusemi og hafi sem minnstan kostnað í för með sjer. Íteljendur skulu eð vinna að gjörð sinni, ef krafzt er. Þeir skulu svo telja, að fullskipað sje í land, en eigi ofskipað, til þess að fjenaður megi vel þrifast. Eitt hross teljist í haga til jafns við 10 kindur.

#### 11. gr.

Skyldur er hver sá, er taka vill upprekstur í heimaland sitt, eða hross á vetrarhaga, að láta gjöra ítölu í það, í fyrsta sinn á sinn kostnað. Ef aptur er beiðst ítölu samkvæmt 13. gr., fer um borgun eins og segir um ítölu í fjallland í 12. gr.. Fylla má hver ítölu sína, en ekki meira.

#### 12. gr.

Ef ítala í fjallland fer svo, að landeigandi hefur ofsett í það, borgar hann allan kostnað við ítöluna, ella beiðandi ítölu. Ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir beiðast ítölu í afrjett hrepps síns eða annara hreppa, borgast kostnaðurinn úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, þegar landeigandi á ekki að borga hann eptir upphafi þessarar greinar.

#### 13. gr.

Ítölu skal hlíta, og varðar sekt, ef eigi er gjört. Beiðast má aptur ítölu í sama land eptir 5 ár, og gildir jafnan síðasta ítala.

#### 14. gr.

Geldfjenaður sá, er á fjall eða afrjett á að fara, skal þangað rekinn jafnskjótt og gróður leyfir, og unglömb, þegar er frá er fært, með undantekning þeirri, er segir í 15. gr. Fjenað þann, er rekinn er í heimalönd manna, skal eigi fyrr reka en með fráferingi. Reka skal í miðjan afrjett eða sem næst því.

Hreppsnefndir eða einstakir menn, er upprekstur taka, geta gjört þeim, er upprekstur fá, að skyldu, að koma við á tilteknum bæ, er þeir reka til afrjettar, svo að fjed verði talið og rekstrarmönnum sagt, hvar eptir skuli skilja.

#### 15. gr.

Fráfæring allan þann, er á fjall er rekinn, skal sitja í 3 sólarhringa, þar sem hann er eptir skilinn. Þó má nokkuð af þessum tíma sitja slíkan fráfering heima, með því skilyrði, að allur gæzlutíminn, bæði á fjalli og heima, sje 4 sólarhringar. Sje fráferingur rekinn í heimaland, skal sitja hann að minnsta kosti í 6 sólarhringa, þar sem hann er eptir skilinn.

## 16. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað, sem á afrjett á að fara, í annars manns land til beitar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afrjettur, greiði skaðabætur til landeiganda, auk sektar.

## 17. gr.

Ef kindur á rekstri til afrjettar gefast upp, áður en þær eru komnar á þann afrjett, er þær eiga að ganga á, eða þeim af einhverjum orsökum verður eigi komið þangað alla leið, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra sem skjótast láta umráðamann lands þess, er kindurnar voru skildar eptir í, vita um það og semja við hann um hagatoll og hirðing á þeim. Nú skilur maður rekstur eða kindur úr rekstri eptir á leið til afrjettar í landi, sem hann á ekki með, án þess að semja um þær við umráðanda landsins innan hæfilegs tíma, þá skal svo álíta, sem hann hafi brotið á móti 16. gr.

## 18. gr.

Reka skal þannig gegn um heimalönd manna, að sem minnst tjón verði að. Sjerstaklega skal gæta þess, að málnytufjenaður manna fari eigi saman við.

## 19. gr.

Ef fjenaður, hvort heldur er sauðkindur eða stóðhross, gengur fyrir rjettir úr afrjetti í heimalönd þeirra manna, sem eigi hafa tekið í þau upprekstur, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fjenað þann aptur á afrjett þann eða heimaland það, er hann hyggur hann úr vera. Skylt er nágrönnum hans að gjöra þetta með honum, ef hann kveður þá til. Reka má hann fjenaðinn í rjett, til þess að kanna hann og ná sínu fje úr. Að öðru leyti skal hann svo til haga, að ágangsfjenaði verði sem minnst mein að, sem auðið er. — Sje ágangur svo mikill, að mjög torvelt sje, að framkvæma slíkan rekstur, geta þeir, er fyrir ágangi verða, kvartað fyrir hreppsnefnd sinni, sem þá ráðstafar rekstri á fjenu upp á kostnað eigenda, nema eigendur sjeu svo nærri, að þeir geti fjótlega fengið að vita af þeim fjenaði sínum; geta þeir þá ráðstafað honum sjálfir.

## III. Fjallskil.

## 20. gr.

Það er skylda allra búandi manna og búlausra, þeirra er hafa til eignar eða umráða 12 sauðkindur, að unglömbum meðtöldum, eða 2 stóðhross, að leggja til vinnu eða annað, er þarf til þess, að fjenaði verði á haustin smalað og rjettað og hann rekinn á milli, svo að sjerhver maður geti heimt fjenað sinn. Allt tillag til slíks kallast fjallskil. Húsbóndi hver annast um fjallskil hjúa sinna og annara á vegum hans.

## 21. gr.

Nú á búandi tilkall til afrjettar fyrir sig eða ábylisjörð sína, en kaupir af öðrum upprekstur og notar ekki sinn eiginn afrjett, þá er honum skylt að gjöra fjallskil á afrjett sinn, en ekki mega þau vera meiri en helmingur þeirra fjallskila, sem honum hefði þorið að gjöra, ef hann hefði notað afrjett sinn fyrir

allan geldfjenjað sinn. En skyldur er hann að gjöra full fjallskil, og hvað annat, er með þarf í því tilliti, þar sem hann hefur fjenað sinn.

Nú hefur maður nokkuð af fjenaði sínum á eigin afrjett, en kaupir af öðrum fyrir nokkuð, stóðhross eða sauðfje, þá er hann skyldur að gjöra fjallskil og hvað annat, sem með þarf, á báðum stöðunum, þannig, að þau samsvari fullum fjallskilum á þeim staðnum, sem þyngri fjallskil eru. Nú geymir búandi fjenað sinn í heimalandi, og hvílir þá sama skylda á honum og áður er tekið fram um þann, er notar eigi afrjett sinn. Ef einhver sökum þrengsla á afrjetti hrepps síns hefur fje sitt að nokkru eða öllu leyti á öðrum afrjetti eða í heimalandi, er hann eigi skyldur að gjöra meiri fjallskil á afrjetti hrepps síns en að tiltölu við fjenað þann, er hann hefur þangað rekið.

Komi það fyrir, að almenningur geymi fjenað sinn í heimalöndum en ekki á afrjetti, annast hreppsnefndir um, að afrjettir og önnur fjalllönd sje leituð eptir þörfum, samkvæmt 24. gr.

#### 22. gr.

Þrennar leitir skal á hverju hausti gjöra á afrjettum og fjalllöndum, til þess að smala fjenaði af þeim til rjetta. Í öllum leitum ber að smala sauðfje, en hrossum að eins í 2. og 3. leit. Jafnframt skal og senda menn úr sjerhverjum hreppi til að hirða fje hreppsúa í þeim utansveitar- og utansýslurjettum, er þeir eiga fjárvon að.

#### 23. gr.

Hver búandi er skyldur að leita heimaland ábylisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sje notað fyrir búpening frá heimili hans, og reka skilvíslega til rjetta allan þann fjenað, er þar finnst og hann á ekki sjálfur, eptir nákvæmari ráðstöfun hreppsnefndarinnar. Nú hefur búandi meira heimaland en hann notar fyrir búpening sinn, og leigir það eigi nje ver annara fjenaði, þá er hann eigi skyldur að leita það land, og skal hann þá einungis leita það af landi sínu, sem hann notar fyrir búpening sinn, en hinn hluti landsins leitast sem afrjettur. Nú á maður sjerstakt land á fjalli og notar það sjálfur eða ljær öðrum til beitar fyrir búpening, og er landið varið annara manna fjenaði eða afrjettarfjenaði, skal þá sá, er landið notar, skyldur til að leita það. Sje landið eigi varið, skal leita það sem annat afrjettarland.

#### 24. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsúa sína. Fela má hún einum manni eða fleirum úr sínum flokki, að jafna niður fjallskilunum og hafa yfirstjórn allra fjallskilamálefna í hreppnum (fjallskilastjóri). Við niðurfjöfnun fjallskila skal einungis litið á fjenaðarfjölda manna. Þess skal vandlega gætt, að nægilegur mannaflí sje ætlaður til sjerhvers verks, svo að það verði vel af hendi leyst.

#### 25. gr.

Niðurfjöfnun allra fyrirsjáanlegra fjallskila haust hvert skal lokið svo snemma, að hún geti verið kunnug orðin öllum hlutaðeigendum að minnsta kosti 3 dögum áður en til framkvæmda fjallskilanna kemur. Niðurfjöfnunina skal birta öllum hlutaðeigendum á einhvern haganlegan hátt. Meðal annars má gjöra það

**80** með því, að láta niðurjöfnunarskrána berast bæ frá bæ, og hefur hún þá hreppskilapingboðsrjett. Í niðurjöfnunarskránni skal greinilega tekið fram, hvaða fjallskil sjerhver á að gjöra það haust, hvenær hver leit á að byrja, hver verði leitarforingi í hverri leit, hver rjettastjóri og annað því um líkt, sem þörf er á.

26. gr.

Hreppsnefnd hver skal árlega kjósa leitarforingja einn eða fleiri fyrir hvern afrjett, er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gjöra á afrjett svo, að eigi sje leitarforingi til að stjórna henni. Eigi getur neinn maður skorazt undan kosningu til þess starfa í 3 ár í senn, nema hann hafi gildar ástæður til þess. Sá, sem hefur verið leitarforingi í 3 ár í röð, er ekki skyldur til að vera það í næstu 3 ár. Eigi þarf leitarforingi að vera úr flokki hreppsnefndarmanna.

27. gr.

Leitarforingi skal jafnan vera sjálfur í leitinni, og geti hann það eigi sökum löglegra forfalla, setur hann annan duglegan mann í sinn stað. Leitarforingi hefur alla stjórn yfir leitunum, skipar fyrir um, hvar hver leitarmaður skuli leita hvern dag, meðan leitirnar standa yfir, gætir þess, að allir vandi vel verk sín og að fjársöfnin sje rekin með reglu til rjetta, að þau komi þangað í tækan tíma og að þeirra sje gætt, þar til er rjettarstjóri tekur við umsjóninni.

28. gr.

Sjerhver maður, er fjallskil á að gjöra, skal vanda vel allt tillag sitt, svo sem það, að leggja til fullgilda menn, gjöra þá vel út, bæði að klæðnaði, nesti og hestum, o. s. frv. Þeir, sem að fjallskilaverkum starfa, eiga og að vanda verk sitt sem bezt í alla staði. Sá skal talinn hæfur til fjallskila, er leitarforingi tekur gildan, enda sje hann eigi yngri en fullra 14 ára.

29. gr.

Skylt er hverjum þeim, er fjallskil á að gjöra, að hlýðnast tafarlaust fyrirskipunum hreppsnefndar, og það engu síður fyrir það, þótt hann sje óánægður með þær og ætli að kæra þær (2. gr.). Nú vanrækir einhver að gjöra fjallskil, er á hann voru lögð, má þá hreppsnefndin eða leitarforinginn, ef því verður við komið, kaupa það, er hann ljet á vanta, til fullra fjallskila sinna. Gjalda skal sá, er braut, fullu verði það, er hann ljet á vanta, auk sektar.

30. gr.

Jafnframt hverri fyrir sig af hinum þremur aðalleitum á afrjettum og fjallöndum haust hvert, skal á sama tíma smala vandlega öll heimalönd og reka allt afbæjarfje úr þeim til rjettar, er hvert heimaland liggur til. Um það, hverjir heimalönd og sjerstök fjallönd smala, fer eins og segir í 23. gr. Hreppsnefnd skipar fyrir um, hverja daga skuli smala heimalönd þau, er búpeningur manna gengur í, og eins fjallönd þau, er búendur nota eða ljá öðrum til beitar fyrir búpening (23. gr.).

31. gr.

Auk heimalandasmalana þeirra, er talað er um í 30. gr., skal svo opt, sem almenn þörf hvers hrepps krefur og hreppsnefnd fyrirskipar, gjöra almenna,

rækilega smölun á öllum heimalöndum í hreppnum og reka afbæjarfje á milli bæ frá bæ í áttaha sína eptir fyrirskipaðri leið. Ef fje eða hross, sem eigi finnst eigandi að, kemur fyrir eptir seinustu aðalleit á haustin, skal láta fjenað þann sem skjótast ganga bæ frá bæ til hreppstjóra, sem þá ráðstafar honum. Eins skal fara með þann fjenað, sem reyndar er kunnugt um, hver á, en eigandi hans er í fjarlægum sveitum eða sýslum, nema því að eins að einhver áreiðanlegur maður taki fjenað þann til hirðingar fyrir eiganda upp á sína ábyrgð. Nú kemur til búanda rekstur, sem á að ganga bæ frá bæ, þá skal búandi tafarlaust láta rannsaka hann og taka úr kindur, er eigi eru á rjettri leið, ef nokkurar eru, og beina í rjetta átt, en síðan reka reksturinn til næsta bæjar, sem hann á að ganga til, nema kveld sje komið eða illviðri hamli, en þá þó svo fjótt, sem auðið er. Öllum, sem hlut eiga að máli, er skylt að lofa rekstrarfjenaði að bíta við og við og gæta þess, að hann svelt eigi, líka varast, að nokkuð týnist af honum.

### 32. gr.

Eptir að hinar 3 aðalleitir eru afstaðnar, getur hreppsnefnd hver, ef henni þykir ástæða til, látið gjöra enn eina almenna leit á afrjettum þeim og fjallöndum, er hún á að sjá um. Til þeirrar leitar má nefndin gjöra auka-niðurjöfnun verka eða fjártillaga eptir atvikum á alla hlutaðeigendur. Leitin kallast eptirleit. Láti hreppsnefnd eigi framkvæma slíka leit, og eins eptir að hún er afstaðin, er hverjum einstökum manni, sem vill, heimilt að gjöra eptirleit.

### 33. gr.

Fyrir fjenað áður óheimtan, þann er finnst í fyrirskipaðri eptirleit samkvæmt 32. gr., eða endrarnær eptir 3. leit á haustin, skal eigandi gjalda fundarlaun eptir mati hreppsnefndar þess hrepps, er leitarlandið tilheyrir. Um fundarlaun fyrir áður heimt fje fer eptir sanningum eða almennum reglum.

Fundarlaun eptir þessari grein er eigi skylt að greiða af öðrum fjenaði en þeim, sem finnst á afrjetti eða fjallandi.

Fundarlaun skiptast milli þeirra, er eptirleit kostuðu, í rjettu hlutfalli við tillög hvers fyrir sig.

### 34. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rjett og vill fá leiðrjettling á því, þá skal hann fyrir hreppskilaping hið sama haust senda hreppsnefndinni rökstudda kæru og biðja hana lagfæringar. Hreppsnefndin skal þá á þingstaðnum eiga fund með sjer, kalla kæranda fyrir sig og gefa honum kost á, að skýra munnlega frá röksemdum sínum. Þrem dögum eptir hreppskilaping skal hreppsnefndin hafa sent áleiðis til kæranda skriflegan úrskurð sinn um málið. Vilji kærandi skjóta úrskurðinum til sýslunefndar, skal kæra hans og úrskurður hreppsnefndarinnar vera kominn til oddvita sýslunefndarinnar fyrir lok nóvembermánaðar sama haust, og skal sýslunefndin úrskurða um málið á næsta fundi sínum. Kærun, sem eigi koma í tæka tíð, verða eigi teknar til greina, nema kærandi sanni, að það sje ekki hans sök, að kæra hans kom of seint.

## IV. Um rjettun fjár og hrossa.

## 35. gr.

Fjenaður allur úr hinum þremur aðalleitum skal rekinn til rjetta. Rjett á að vera á sem haganlegustum stað og svo gjörð:

- a. að almenningur hennar sje nógu stór,
- b. að sjerhver búandi maður, sem annaðhvort á fjallskil að gjöra til rjettarinnar eða á hlut í afrjetti þeim, sem til hennar á að leitast, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir allt afrjettarfje af heimili hans, án þess að út þurfi að hleypa fyrri en búid er að rjetta,
- c. að nógu margir og stórir dilkar sje fyrir allt það utanrjettarsóknarfje, er líklegt er að komi til rjettarinnar,
- d. að dilkur sje til fyrir ómerkinga,
- e. að dilkur sje til fyrir sölufje,
- f. að allir veggir rjettarinnar sje traustir og stöðugir, svo sem verða má, og svo háir hvervetna, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

## 36. gr.

Það er sameiginleg skylda allra þeirra, er hlut eiga í afrjetti þeim, er til rjettar skal leitast, og allra þeirra, er til hennar eiga fjallskil að gjöra, að byggja þá rjett og viðhalda henni. Sjerhver búandi maður meðal þeirra skal eiga dilk við rjettina, annaðhvort einn eða með öðrum, nægilega stóran fyrir allt geldfje af heimili hans, og á hann sjálfur að byggja dilkinn og viðhalda honum, svo að hann sje í góðu standi. Hreppsnefndin í þeim hreppi, sem rjettin liggur í, hefir umsjón yfir henni og ábyrgð á, að hún sje jafnan í fyrirskipuðu standi. Hreppsnefnd sú skal eptir þörfum kveðja til skylduvinnu við rjettina þá menn, er að henni eiga að starfa eptir upphafi þessarar greinar, fyrst og fremst til þess, að sjerhver hafi sinn eigin dilk í fyrirskipuðu standi, og í annan stað til þess, að byggja eður endurbæta utanrjettarsóknardilka, ómerkingadilk og annað slíkt, er allir í rjettarfjelaginu eiga sameiginlega að starfa að. Utanrjettarsóknardilka er rjettarfjelagi eigi skylt að byggja á sinn kostnað nema fyrir þær sveitir eða sýslur, er gjöra því sömu skil.

Vilji rjettarfjelag byggja leitarmannaskála eða gerði til að geyma safn í nóttina fyrir rjettardag, skal vinnu og kostnaði við það jafnað niður eptir sama hlutfalli og fjallskilum.

## 37. gr.

Nú þykir hreppsnefnd þörf á, að fjölga eða fækka aðalrjettum, færa rjett á annan stað, eða ákveða annan rjettardag en tiltekinn er í reglugjörðinni, þá skal hreppsnefnd sú sjá um, að allir bændur, sem þar eiga beinlínis hlut að máli, sje kvaddir á fund til þess að ræða um breytinguna og greiða atkvæði um hana. Verði meiri hluti atkvæða á fundinum með breytingunni, skal málefnið borið undir sýslunefndina og leggur hún svo úrskurð á það. Hafi sá úrskurður það í för með sjer, að nauðsynlegt sje að gjöra breyting á rjettum eða leitum í öðrum sveitum eða sýslum, annast sýslunefndin um það, er gjöra þarf í því efni.

Aðrar breytingar á rjettum en þær, er nú var sagt, svo sem að stækka rjett eða minnka, breyta lögun hennar o. s. frv., mega hreppsnefndir allra þeirra hreppa, er íbúar þeirra hafa viðhaldsskyldu við rjettina (sbr. 35. gr.), gjöra án þess að leita samþykkis sýslunefndarinnar. En ef einhver hlutadeigandi er óánægður með slíkar aðgjörðir, er honum heimilt að kæra þær fyrir sýslunefndinni, sem þá getur fellt þær úr gildi, ef henni sýnist ástæða til þess.

80

## 38. gr.

Rjettarbóndi hefir engin umráð yfir rjett fyrir það, þótt hún standi á landi hans, en fyrir usla eður átroðning eignast rjettarbóndi, sá er á land það, er fjársafns er gætt í náttlangt eða úrtíningi er sleppt í, ef eigi er tekinn til gæzlu, alla þá ómerkinga, sem í rjettinni eru og ær ekki helga sjer. Skyldur er rjettarbóndi að leyfa, að úrtíningi sje sleppt í land hans, þá er ekki er skylt að taka hann til gæzlu samkvæmt 45. gr.

## 39. gr.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er rjett er í, skal kjósa einn mann úr sínum flokki til að taka við stjórn af leitarforingja, þegar safn er til rjettar komið. Sá nefnist rjettarstjóri. Um skyldu manns til að gegna þeim starfa gilda sömu reglur sem um leitarforingja (26. gr.). Að þeim rjettum, sem að morgni eiga byrja, skal rjettarstjóri vera kominn í birtingu hvern rjettardag. Hann á að sjá um, að byrjað sje að rjetta svo snemma, sem á að vera, skipa fyrir um, hvernig fjárdrætti skuli haga, og halda mönnum til starfa. Yfir höfuð á hann að gæta þess, að allt gangi í góðri reglu í rjettinni. Hann hefur vald til að kveðja menn til að reka söfn í almenning og til annars, er nauðsyn krefur, til þess að rjettin geti gengið í reglu. Að svo miklu leyti sem slík verk, svo sem gæzla safnsins meðan rjettað er o. s. frv., eru fjallskil vissra manna, heldur hann þeim til að gæta skyldu sinnar. Hreppstjóri þess hrepps, sem rjett liggur í, skal jafnan vera við rjettina og gæta lögreglu.

## 40. gr.

Þegar markljóst er orðið rjettardag, skal byrja að rjetta, nema í Hrepps-rjett og Reynisrjett, þar sem rjettað er síðari hluta dags. Skulu þá allir þeir, er fje eiga að draga, vera komnir til rjettar. Það er skylda sjerhvers manns í rjettarsókninni og annara, er fjárvon eiga í rjett, að hafa þar nægilegan mannafla, til þess að hirða fjenað sinn. Ef einhver vanrækir þetta og sje honum það sjálfrátt, varðar það sekt. En hvort sem honum er það sjálfrátt eður eigi, skal rjettarstjóri láta draga fje hans, ef eigi er um örfáar kindur að ræða og eigandi er í fjarlægð, og reka heim til hans upp á eiganda sjálfs kostnað.

## 41. gr.

Fje skal draga eptir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda, að hafa glögg mark (auðkenni) á öllu sínu fje, og þar að auki sýslu- og hrepps-brennimark á hægra horni, þar sem því verður við komið. Sýslunefndin skal svo opt, sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 10. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað það, er sýslunefndin ákveður, en rjett hefir hann

80 til, að fá eitt eintak af markaskránni ókeypis. Markið helgar markeiganda kind, sem það ber, nema full sönnun komi fyrir, að annar eigi. Kind, sem eigi ber fullkomið mark manns, er heimildarlaust að draga sjer, þótt lítið eitt vanti á fullt mark. Ef kind hefur eyrnamark eins manns, en hornamark eða brenni-mark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brenni-markið, og skal hann þó, ef krafizt er, gjöra grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnamark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brennimarkið á; þó skal hann, ef krafizt er, gjöra grein fyrir, hvernig hann hefur eignast kindina. Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er ólöggt mark eða mjýjetið, og vill maðr þó eigna sjer hana af líkum, þá skal hann skýra hlutadeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu ásamt honum sjálfum skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hinn hefur til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sje miklu líklegra, að hlutadeigandi eigi kindina en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafje.

## 42. gr.

Enginn má hleyppa út úr dilk fyrri en rjettarstjóri leyfir, enda sje þá allt fje komið í rjett og fjárdrætti því nær lokið. Áður en hleypt er út úr nokkrum dilk, skal hreppstjóri láta markglöggva menn kanna fjed í honum.

## 43. gr.

Engum skal heimilt, að draga sjer eða öðrum ómerkinga úr almenningi. Skulu þeir allir dregnir í ómerkingadilk (35. gr. d.). Þar skal þeim, er vilja, gefinn kostur á, að reyna að láta ær eða gimbrar helga sjer ómerkinga. Þetta skal gjört undir umsjón rjettarstjóra eða hreppstjóra og tveggja votta. Þeir ómerkingar, sem eigi ganga þannig út, ganga til rjettarbónda (38. gr.).

## 44. gr.

Leyfilegt er að kaupa og selja fje í rjettum, en þeir, sem það gjöra, skulu vera háðir eptirlíti og fyrirskipunum hreppstjóra og rjettarstjóra, og þeim ákvörðunum, er gjörðar kunna að verða um fjársölu, og varðar sektum, ef óhlýðni er sýnd (sbr. VI. kafla).

## 45. gr.

Fje það, sem verður eptir ódregið, þegar lokið er að rjetta fje úr fyrstu aðalleit í skilarjett hverri (óskilafje, úrtíningur, úrgangur), skal hlutadeigandi hreppsnefnd láta geyma og reka til sömu rjettar, þegar rjetta skal þar fje úr annari aðalleit. Sá, sem geymir óskilafje milli rjetta, skal taka við því þannig, að honum sje talið það í votta viðurvist, og á sama hátt skal hann aptur afhenda það við rjettina rjettarstjóra eða hreppsnefndinni, með fullri tölu. Þótt eigandi gefi sig fram að einhverju óskilafjenu milli rjettanna, má geymandi eigi afhenda það, nema með leyfi hreppsnefndaroddivitans. Sje geymslan vel og rjettilega af hendi leyst, skal geymandi fá sanngjarna borgun fyrir hana frá eigendum þess fjenaðar, er út gengur, en af andvirði þess fjenaðar, er seldur er.

Ef óskilafjenaði er eigi hey gefið, mega geyslulaunin eigi vera meiri en 4 aurar um sólarhringinn fyrir hverja sauðkind og 10 aurar fyrir hvert hross.

Þyki brýn ástæða til vera, mega hreppsnefndir láta sleppa upp úrtíningi úr fyrstu aðalleit í skilarjett. Gjöra má og þann samning við sveitir þær eða sýslur, er óskilafje eiga í rjettum í Borgarfjarðarsýslu, að fje þeirra skuli eigi í gæzlu tekið upp á kostnað eigenda, ef Borgfirðingar njóta aptur sömu rjettinda í móti. Yfir höfuð skal þessi grein eigi vera til fyrirstöðu frjálsum samningum um gæzlu óskilafjár.

#### 46. gr.

Óskilafje úr annari og þriðju rjett skilarjettar hverrar skal rjettarstjóri afhenda hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá lætur kanna það vandlega og síðan selur óskilasauðfje þegar við uppboð þá við báðar rjettir (aðra og þriðju). Skulu þeir báðir (rjettarstjóri og hreppstjóri) í sameiningu, ásamt tveimur markglögguum, valinkunnum mönnum, þá þegar semja skrár yfir fjeð, lýsa þar til þess, kynferði, eyrnamörkum, hornamörkum, brennimörkum og aldri. Skrár þessar skulu þeir allir fjórir undirskrifa, og skulu þær vera tvíritaðar. Annað eintak þeirra afhendir rjettarstjóri oddvita hreppsins, en hit hefir hreppstjóri, og skulu bæði eintökin vera til sýnis þeim, er sjá vilja. Oskilakindur, sem koma fyrir í hreppnum eptir allar (þrjár) rjettir, skal hreppstjóri og selja við opinbert uppboð (sbr. 31. gr.).

#### 47. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal hreppstjóri senda sýslumanni eptirrit af uppboðsgjörð um allt það óskilafje, er hann hefur selt á árinu. Eptirriti því skal fylgja andvirði fjárins, að frádregnum öllum kostnaði, eptir reikningi, sem einnig skal fylgja, og ennfremur skal fylgja eintak það, er hreppstjóri fjekk af skrá rjettarstjóra og hreppstjóra yfir óskilafjeð. Hafi eigandi fundizt að einhverju af fjenu frá því að sú skrá var samin og þangað til skýrslan er send sýslumanni, skal skýra sýslumanni frá því. Því næst skal sýslumaður auglýsa allt óskilafje, er á því ári hefur verið selt í hverjum hreppi sýslunnar, með mörkum þess og öðrum einkennum. Auglýsing sú skal sett í blað það, er opinberar auglýsingar eiga að prentast í, og koma út ekki seinna en einum mánuði eptir lok þess árs, er hún á við. Andvirði þess óskilafjár, er eigi hefur fundizt eigandi að fyrir 1. júní næst á eptir, skal varið til eyðingar refa, og skiptist milli hreppanna hlutfallslega við refaveiðarkostnað þeirra það fardagaár.

#### 48. gr.

Hrossum skal smala í annari og þriðju aðalleit bæði af afriettum og öðrum löndum, og skal rjetta þeim. Með óskilahross skal farið eptir reglunum um óskilafje í 31., 45. og 47. gr., þó með þeirri undantekningu, að þau skulu ekki seld fyrri en 3 vikum eptir þriðju aðalrjett, að undangenginni auglýsingu, og að haft verði í söluskilmálum, þá er þau eru seld, að eigandi hvers hross má, ef hann gefur sig fram innan 12 vikna frá söludegi, innleysa það gegn því, að borga allan kostnað og til kaupanda  $\frac{1}{10}$  af uppboðsverðinu.

## V. Rjettir.

## 49. gr.

Sex skulu vera rjettir í sýslunni; þrjár skilarjettir og þrjár sundurdráttarrjettir.

## 50. gr.

## Rauðsgilsrjett (skilarjett).

Þessi rjett tilheyrir öllum jörðum í Hálsahreppi og Reykholtisdalshreppi. Leitartakmörk hennar eru þessi: Hvítá ræður að norðanverðu, að austanverðu Eiríksjökull, að sunnan Geitlandsjökull, þá norðanvert við Kaldadal í Okjökul, þá suður með Okjökli í Flókadalsárdrög, síðan ræður Flókadalsá ofan til Hvítár.

Fyrsta leit til Rauðsgilsrjettar skal fram fara þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars og fimmtudag í 23. viku sumars; skal rjetta fje úr þeirri leit föstudaginn næstan á eptir.

Sundurdrátt á Húsafelli er hreppsnefndin í Hálsahreppi skyld að leyfa ár hvert, ef þess er óskað.

Önnur leit skal fram fara þriðjudag og miðvikudag í 23. viku sumars, og skal tjenaði úr henni rjettað næsta fimmtudag.

Þriðju leit skal gjöra næstu daga á undan þriðju rjett, eptir nákvæmari ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefnda. Þriðja rjett á að vera þriðjudag í 25. viku sumars.

## 51. gr.

## Oddsstaðarjett (skilarjett).

Þessi rjett til heyrir öllum jörðum í Lundar-Reykjadalshreppi, Skorradalshreppi norðan Fitjaár og Skorradalsvatns og Andakílhreppi milli Andakílsár og Flókadalsár. Leitartakmörk eru þessi: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar að norðanverðu upp í Okjökul, með Oki suður á Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kviðyngisfell, þaðan beina stefnu í Eiríkuvatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar.

Fyrsta leit til þessarar rjettar skal gjör mánudag og þriðjudag í 22. viku sumars, og skal fje úr henni rjettað næsta miðvikudag á eptir.

Aðra leit skal gjöra þriðjudag í 23. viku sumars, og skal rjetta tjenaði úr henni miðvikudaginn næstan eptir.

Þriðja leit skal fram fara fyrir þriðju rjett, eptir nákvæmari ákvörðun hreppsnefndarinnar. Þriðja rjett skal haldin miðvikudaginn í 25. viku sumars.

## 52. gr.

## Brekurjett (skilarjett).

Þessi rjett tilheyrir öllum jörðum í Strandahreppi og Skorradalshreppi sunnan Fitjaár og Skorradalsvatns niður að Drageyrará. Leitartakmörk eru þessi: Að leitartakmörkum Oddsstaðarjettar að norðanverðu; að austan og sunnan ráða sýslumót niður til sjávar; að vestan ráða landamerki Kataness hin ytri að Eiðsvatni, þá Eiðsvatn og Urriðaá til sjávar; frá sjó ræður Laxá, þar til er Efri-Skarðsá rennur í hana; þá ræður Skarðsá upp á Skarðsheiði; að norðan ráða lönd Strandahrepps að upptökum Drageyrará.

Fyrsta leit rjettar þessarar skal fram fara mánudaginn og þriðjudaginn í 22. viku sumars, og skal rjetta fjenaði úr henni miðvikudaginn næsta þar eptir.

80

Önnur leit skal fram fara þriðjudaginn í 23. viku sumars, og skal rjetta fjenaði þeim, er þá finnst, næsta miðvikudag.

Þriðju leit skal gjöra á undan þriðju rjett, eptir nákvæmari ráðstöfun hlutaðeigandi hreppsnefnda, og skal þriðja rjett haldin á miðvikudag í 25. viku sumars.

## 53. gr.

## Hreppsrjett (sundurdráttarrjett).

Rjett þessi tilheyrir öllum jörðum í Skorradalshreppi, fyrir neðan Drageyrará og fyrir sunnan Skorradalsvatn og Andakílsá, og öllum jörðum í Andakílsahreppi sunnan Andakílsár. Leitartakmörk eru þessi: Að norðan Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar, að austan og sunnan Drageyrará, síðan Skarðsheiðareggjar út á móts við Miðfitjahól; þá vestur í upptök Grjóteyrará, síðan ræður hún til sjávar.

Fyrsta leit til Hreppsrjettar skal fram fara mánudaginn í 22. viku sumars, og skal rjettað samdægurs.

Önnur leit fer fram mánudaginn í 23. viku sumars, og skal rjettað samdægurs.

Þriðja leit skal fram fara mánudaginn í 25. viku sumars og skal rjettað samdægurs.

Allan úrtíning skal reka til Brekkurjettar í hvert skipti, sem rjettað er. Hreppsnefndin í Skorradalshreppi annast um, að úrtíningurinn komist til Brekkurjettar áður en rjett byrjar þar.

## 54. gr.

## Hafnarrjett (sundurdráttarrjett).

Rjett þessi tilheyrir öllum jörðum í Leirár- og Melahreppi. Leitartakmörk eru: að leitartakmörkum Brekkurjettar og Hreppsrjettar.

Fyrsta leit til Hafnarrjettar skal fram fara mánudaginn í 22. viku sumars, og skal rjettað þriðjudaginn eptir.

Önnur leit fer fram mánudaginn í 23. viku sumars, og skal rjettað þriðjudaginn eptir.

Þriðja leit fer fram mánudaginn í 25. viku sumars, og skal rjettað þriðjudaginn eptir.

Úrtíning allan úr Hafnarrjett skal reka til Brekkurjettar í hvert skipti, sem rjettað er. Hreppsnefndin í Leirár- og Melahreppi annast um, að úrtíningurinn komist alla leið til Brekkurjettar kveldið áður en rjett byrjar þar.

## 55. gr.

## Reynisrjett (sundurdráttarrjett).

Rjett þessi tilheyrir öllum jörðum í Inni- og Ytri-Akraneshreppum og Skilmannahreppi að Urriðaá og landamerkjum Strandarhrepps. Leitartakmörk eru: frá leitartakmörkum Brekkurjettar að sjó fram.

Fyrsta leit til Reynisrjettar skal fram fara mánudaginn í 22. viku sumars, og skal rjettað samdægurs.

80 Önnur leit fer fram mánudaginn í 23. viku sumars, og skal rjettað samdægurs.

Þriðja leit fer fram mánudaginn í 25. viku sumars, og skal rjettað samdægurs.

Úrtíning allan úr Reynisrjett skal reka til Brekkurjettar í hvert skipti sem rjettað er. Hreppsnefndin í Innri-Akraneshreppi sjer um, að úrtíningurinn sje kominn til Brekkurjettar eigi síðar en kveldið fyrir rjett þar.

## VI. Um rekstur á sölufje.

### 56. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir; en það álízt nægileg tala, er 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 200 fjár, 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eptir likri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri; en ekki mega þeir jafnframt hafa önnur störf á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn; þó má viðkomandi hreppstjóri leyfa einum manni að reka 15 kindur eða færri, og þarf sá, er rekur, að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

### 57. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynnu að kæra; en hann á aptur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin að eins á hverjum einstökum rekstrarmanni, ef brotið er svo mikið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

### 58. gr.

Allt fje í sölurekstri hverjum skal vera merkt með einu og sama rekstrarmarki, er sje svo glöggt, að það sjáist tilsýndar, og svo traust, að það máist ekki af, þótt votviðri gangi.

### 59. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfangastað, og aldrei úr því að dimmt er orðið; svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrri en markljóst er orðið.

### 60. gr.

Nú ber svo til, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá strax á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga slíkt fje úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera. Skal þá, sem og endarnær, er viðstaða verður, telja rekstrarfjed. Enginn, sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur ásamt rekstrarmönnum, og ber að gjöra það ókeypis, ef það tekur eigi lengri tíma en 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða

þóknun fyrir, eptir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgang eiga rekstrar- **80**  
menn að eigendum fjárens með þá borgun, ef þeim hefur eigi verið sjálfum um  
að kenna. Sjá skulu og rekstrarmenn um, að fje það, er saman við hefur komið,  
komist í áttþaga sína, eigendum að skaðlausu.

61. gr.

Verði einhver sannur að því, að hafa tekið fje annars í rekstur heimild-  
arlaust, skal hann bæta eigendum það að fullu eptir samkomulagi, eða eptir  
mati óvilhallra manna, er sýslumaður til nefnir, ef með þarf. Sannist það, að  
slikt hafi verið gjört af skeytingarleysi, varðar það að auki sektum.

## VII. Ábyrgð verka. Sektir, málssókn.

62. gr.

Um það, hver ber ábyrgð til sekta og skaðabóta fyrir brot móti reglu-  
gjörð þessari, fer eptir almennum reglum.

63. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 1—200 króna, er renna í  
sjód þess hrepps, sem brotið er framið í.

64. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn  
lögreglumál.

65. gr.

Með reglugjörð þessari, er numin úr gildi reglugjörð fyrir Borgarfjarðar-  
sýslu 5. sept. 1885 um notkun afrjetta, ítölu o. s. frv. 1.—43. gr. og breytingar  
og viðauki við þá reglugjörð 4. ágúst 1888, 1.—10. gr.

Amtsráð Suðuramtsins, 23. dag júnímán. 1896.

*J. Havsteen.*

**Brjef landshöfðing a til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Álptamýrarkirkju **81****  
**og Rafnseyrarkirkju.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, 19. júní  
dagsettu 17. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að presturinn að  
Rafnseyri taki handa Álptamýrarkirkju 700 kr. lán, er endurborgist af tekjum  
kirkjunnar á 20 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með 35 kr. á ári auk  
vaxta, og handa Rafnseyrarkirkju 400 króna lán, er endurborgist af tekjum  
þeirrar kirkju á 10 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með 40 kr. á ári,  
auk vaxta. Lán þessi ber að endurborga af tekjum prestakallsins að því leyti,  
sem tekjur hvorrar kirkju um sig eigi hrökkva til þess. — Því skal við bætt, að það  
er á valdi stiptsyfirvaldanna að kveða á um það, hvort telja skuli heldur prest-  
inum eða kirkjunum til endilegra útgjalda það, sem borga kann að þurfa árlega  
af tekjum prestakallanna í afborgun og vexti af umræddum lánnum.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið  
til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.